

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. júní 2010 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

bifreiðabensín	0,57 kr. á lítra
gasolía	0,91 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,01 kr. á kg
flugvélabensín	0,32 kr. á lítra
flugsteinolía (potueldsneyti)	0,01 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 287/2008.

Neytendastofu, 27. maí 2010.

Tryggvi Axelsson forstjóri.

Gunnar G. Þorsteinsson,
formaður stjórnar flutnings-
jöfnunarsjóðs olíuvara.